

Forvarnarsjóður Reykjavíkur - úthlutunarreglur

Forvarnarsjóður Reykjavíkur

Úthlutunarreglur

1. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að forvörnum og efla félagsauð í hverfum Reykjavíkur. Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarverkefni í samræmi við forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar, annars vegar í einstökum hverfum og hins vegar almennt í borginni. Í forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar er m.a. lögð áhersla á að bæta andlega líðan, heilsu og sjálfsmynd barna og ungmenna sem og að draga úr og hindra neikvæða hegðun, svo sem vímuefnaneyslu, ofbeldi og afbrot. Ennfremur er stefnt að öflugum samstarfi þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna í hverfum borgarinnar. Hlutverk sjóðsins er jafnframt að vinna að eflingu félagsauðs og stuðla að hvers kyns framförum í hverfum borgarinnar. Markmið Forvarnarsjóðsins er að veita einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum utan borgar tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar í hverfum borgarinnar.

2. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna með að minnsta kosti eitt eftirtalinna markmiða:

I. Forvarnir í þágu barna og unglunga.

II. Efling félagsauðs í hverfum borgarinnar.

III. Bætt lýðheilsa.

IV. Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs.

V. Verkefni sem mæta þeim markmiðum sem borgarstjórn setur hverju sinni.

Reykjavíkurborg getur sett sérstök skilyrði um styrkveitingar úr sjóðnum, svo sem að lögð verði áhersla á tiltekin málefni eða málaflokka. Þá geta hverfisráð/samráðshópur um forvarnir sett skilyrði um einstaka styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í fleiri greiðslum en tveimur, eins og fram kemur í 4. gr., og að framkvæmdum verði lokið innan tiltekinna tímamarka.

3. gr.

Stærstum hluta sjóðsins, eða $\frac{3}{4}$, skal skipt milli hverfaráða til úthlutunar. Skipting fjármagnsins milli hverfaráða verði á þann veg að helmingi fjármagnsins verði skipt jafnt milli hverfa og helmingi í samræmi við íbúafjölda.

Fjórðungur fjárheimilda sjóðsins skal renna til forvarnar- og/eða félagsauðsverkefna sem ganga þvert á hverfi borgarinnar.

4. gr.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með sjóðnum. Auglýst skal eftir umsóknum tvisvar á ári. Velferðarsvið heldur utan um auglýsingar í samráði við hverfaráð og þjónustumiðstöðvar.

5. gr.

Styrkirnir skulu greiddir út í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki.

6. gr.

Ekki er veittur styrkur til reglubundins reksturs eða launakostnaðar vegna verkefna í hverfum. Ekki eru veittir styrkir til sama verkefnis oftar en einu sinni í hverfum.

7. gr.

Hverfaráð meta umsóknir um styrki er varða hverfislægan verkefnapott í samráði við fagsvið eftir því sem við á og niðurstaða kynnt samráðshóp um forvarnir í Reykjavík og Velferðarráði. Allar styrkumsóknir sem ganga þvert á hverfi skulu lagðar fyrir samráðshóp um forvarnir í Reykjavík til umsagnar og samþykktar í Velferðarráði.

8. gr.

Einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir utan borgar geta sótt um styrki úr sjóðnum.

9. gr.

Umsækjendur sækja um styrki úr sjóðnum með því að fylla út eyðublöð á vef sjóðsins. Í umsóknum um styrki skal taka fram nafn, kennitölu og heimilisfang ábyrgðaraðila. Umsóknum skal fylgja greinargerð um viðkomandi verkefni, markmið þess og framgang. Leggja skal fram kostnaðaráætlun og gögn þar að lútandi. Hafi umsækjendur áður fengið styrk frá Reykjavíkurborg skal fylgja greinargerð með upplýsingum um upphæð styrksins, ráðstöfun og nýtingu fjármuna.

10. gr.

Styrkir úr sjóðnum eru ekki greiddir út fyrir en styrkþegar hafa skuldbundið sig með samningi til að hlíta settum skilyrðum og verkefni, sem styrkir hafa verið veittir til, hafa sannarlega verið hafin.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar. Sé styrkur ekki sóttur áður en úthlutun næsta árs á eftir er samþykkt í hverfisráði eða velferðarráði fellur hann niður.

11. gr.

Styrkþegar skulu skila Reykjavíkurborg greinargerð um ráðstöfun styrksins þegar viðkomandi verkefni er að fullu komið til framkvæmda í samræmi við styrksamning styrkþega og Reykjavíkurborgar.

12. gr.

Styrkþegar skulu ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni og láta þess getið að verkefnið hafi hlotið styrk úr sjóðnum.

Reglurnar voru samþykktar í borgarráði 28. apríl 2011